

69 Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzlum sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.

23. júní

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

70

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfni, upphæð, sem nægir til þess að sjóðurinn hafi 50

þús. krónur í heildartekjur. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist í fyrsta sinn 1936. 70
23. júní

2. gr.

3. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Fyrir „Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs“ í lögum nr. 55 14. júní 1929 komi: Menntamálaráðið.

Fyrir „sjálf ræður stjórn útgáfudeildar“ í sömu lögum komi: sjálft ræður menntamálaráðið.

4. gr.

Niðurlag 6. gr. laga nr. 54 7. maí 1928 orðist svo:

Auk þess er sjóðsstjórninni heimilt að verja allt að 1000 kr. árlega af fé listadeildar til að standa straum af almennum sýningum íslenzkra listaverka innanlands og utan. Þó má ekki styrkja sýningu erlendis oftar en þriðja hvert ár.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um kennslu í vélfræði.

71

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Um vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir hið minna vélstjórapróf, hið meira vélstjórapróf, rafmagnspróf fyrir vélstjóra og rafmagnspróf fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í þrem deildum:

1. Minni vélstjóradeild.